

Nd.

214. Frumvarp

til laga um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920, og lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sektinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.